



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 5
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2022

Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um áform um afnám refsingar, mál nr.129/2022.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga innan Fíh vill árétta að hugmyndafræði skaðaminnkunar hefur sterka skírskotun til lýðheilsufræða og mannréttinda. Kjarni hugmyndafræðinnar er að draga úr þeim skaðlegu áhrifum sem vímuefnanotkun getur haft á notandann, aðstandendur og samfélagið. Segja má að grunnstoðir í hugmyndafræði skaðaminnkunar séu af sama meiði og kjarni hjúkrunar þar sem umhyggja fyrir skjólstæðingnum og virðing fyrir lífi hans, velferð og mannhelgi eru hornsteinar. Hlutverk hjúkrunarfræðings grundvallast í því að efla heilbrigði, bæta líðan og lina þjáningar einstaklinga sem hann sinnir. Hjúkrunarfræðingur hjúkrar af virðingu fyrir einstaklingum og fer ekki í manngreinarálit.

Stjórn Fíh vill árétta mikilvægi þess að jaðarsettir einstaklingar sem nota vímuefni, jafnt sem aðrir, hafi aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu sem hefur það markmið að bæta lífsgæði þeirra. Ennfremur telur stjórn Fíh að refsingar vegna vörsluskammta ætlaðra til eigin nota geti annað hvort viðhaldið eða aukið vanda og skaðsemi þess ástands sem einstaklingurinn býr við nú þegar. Þetta á ekki einungis við ákveðinn tiltekinn hóp, heldur á þetta við alla jaðarsetta einstaklinga sem nota vímuefni.

Að ofangreindu telur stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga mikilvægt að taka afstöðu með hagsmunum fólks sem notar vímuefni og að þeim sé ekki refsað fyrir minniháttar fíkniefnabrot heldur fái viðeigandi þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Virðingarfyllt,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga